




# Sigurður Ingólfsson

Fæddur 31. júlí 1966
Dáinn 6. mars 2026

Útför frá Hallgrímskirkju
17. mars 2026

Forspil

**Gabriel's Obo**

Úr kvikmyndinni *The Mission* eftir Roland Joffé og Robert Bolt

*Ennio Morricone*

## Bæn

Morgunninn kemur
mildur og fagur.
Söngfuglinn semur
sín fyrstu ljóð.
Lofum þá hljóma,
hæstur er dagur,
látum því óma
lofgjarðar óð.

Daggirnar dreymir
dögun að nýju.
Guðdómur geymir
grasið á ný.
Lofum Guðs blóma
lofum hans hlýju,
sjáum hann ljóma,
lifum á því.

Sól er mér gefin,
glaður ég vakna.
Burtu er efinn
allt mér í hag.
Allt mun þig róma
einskis að sakna,
helgustu dóma
hlaut ég í dag.

*Cat Stevens / ísl. þýðing Sigurður Ingólfsson*
*Gelískt þjóðlag*





## Ritningarlestur





Sólin til fjalla fljótt
fer að sjóndeildarhring,
tekur að nálgast nótt,
neyðin er allt um kring,
myrkt er í heimi hér,
hættur er vegurinn.
Ljósið þitt lýsi mér,
lifandi Jesú minn.

*Hallgrímur Pétursson*
*Tryggvi M. Baldvinsson*



## Ritningarlestur

Einsöngur

**Draumalandið**

Ó, leyf mér þig að leiða
til landsins fjalla heiða
með sælu sumrin löng,
þar angar blómabreiða
við blíðan fuglasöng.

Þar aðeins yndi fann ég,
þar aðeins við mig kann ég,
þar batt mig tryggðaband;
því þar er allt sem ann ég,
það er mitt draumaland.

*Guðmundur Magnússon (Jón Trausti)*
*Sigfús Einarsson*





## Guðspjall

Einsöngur
**Non, je ne regrette rien**



## Minningarorð



Hornkvartett
**Ave verum corpus**
*Wolfgang Amadeus Mozart*



## Miskunnarbæn

### Dagur er nærri

*Lascia ch'io pianga úr Rinaldo eftir Händel*

Dagur er nærri.
Dýrð þín umbreytir
myrkri í morgun
með ljós og líf.

Sem ljúfur ómur
frá eilífð þinni
er þitt orð um frið.

Þungt hvílir sorgin
á sálu' og lífi
lít til mín, Drottinn
með líkn og náð.

*Texti eftir Kristján Val Ingólfsson*

## Bæn og Faðir vor

Nú sefur jörðin sumargræn.
Nú sér hún rætast hverja bæn
og dregur andann djúpt og rótt
um draumabláa júlínótt.

Á túni sefur bóndabær,
og bjarma' á þil og glugga slær.
Við móðurbrjóstin börnin fá
þá bestu gjöf sem lífið á.

Og áin líður lygn og tær,
og lindin sefur perluskær.
Í dvala hníga djúpin hljóð
og dreymir öll sín týndu ljóð.

Nú dreymir allt um dýrð og frið
við dagsins þögla sálarhlið,
og allt er kyrrt um fjöll og fjörð,
og friður drottins yfir jörð.

*Davíð Stefánsson*
*Þorvaldur Blöndal*

## Blessun

### Allt eins og blómstrið eina

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði –
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll þá þú vilt.

Eftirspil
**Pílagrímakórinn**
Úr Tannhäuser
*Richard Wagner*

Prestur
*Sr. Kristján Valur Ingólfsson*

Organisti
*Tómas Guðni Eggertsson*

Einsöngvarar
*Benedikt Kristjánsson*
*Brynhildur Guðjónsdóttir*

Kór
*Schola Cantorum*

Hornkvartett
*Stefán Jón Bernharðsson, Joseph Ognibene,*
*Jóhann Björn Ævarsson og Emil Friðfinnsson*

Umsjón útfarar
*Frímann og Hálfdán - Útfararþjónusta*



Blásaravinir Sigga leika á undan athöfn.

Aðstandendur þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Garðaholti að athöfn lokinni.
Jarðsett verður í Garðakirkjugarði á Álftanesi og moldað þar.